

Sþ.

353. Fyrirspurnir.

[186. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um almannavarnir.

Frá Halldóri S. Magnússyni.

1. Á hvaða stöðum hafa verið stofnaðar almannavarnanefndir samkvæmt 8. gr. laga nr. 94/1962, um almannavarnir?
2. Eru til á einum stað upplýsingar um starfsemi almannavarnanefnda og yfirlit yfir þær ráðstafanir, sem þær hafa gert samkvæmt 9. gr. laga nr. 94/1962, um almannavarnir?
3. Eru uppi af hendi dómsmálaráðuneytis einhver áform um að efla almannavarnir?
4. Er sú skipan heppileg til frambúðar, að starfi forstöðumanns almannavarna sé gegnt af embættismanni í fullu starfi við önnur verkefni?

II. Til dómsmálaráðherra um ráðstafanir til eflingar landhelgisgæzlu.

Frá Karvel Pálmasyni.

Hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til eflingar landhelgisgæzlunnar vegna fyrirhugaðrar útfærslu fiskveiðilandhelginnar í 50 sjómilur?